

## 292. fundur

*Þriðjudaginn 20. desember 2022, kl. 14:00 kom verðlagsnefnd búvara saman til fjarfundar. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Björn Snæbjörnsson, varam. Helgu Ingólfssdóttur, Elín Margrét Stefánsdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hrannar Már Gunnarsson, Reynir Þór Jónsson og Pálmi Vilhjálmsson. Hálfán Óskarsson, áheyrnarfulltrúi boðaði forföll. Þá sat einnig fundinn, Arnar Freyr Einarsson, MAR.*

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

### 1. Verðlagning (endurskoðun)

Á 291. fundi verðlagsnefndar 7. desember 2022 var samþykkt að hækka lágmarksverð til bænda um 2,38% og heildsöluverð um 2,54% til samræmis við niðurstöður reiknilíkana og kostnaðarauka vegna kjarasamninga sem þá lágu fyrir. Sá fyrirvari var gerður að verðlagningin skyldi endurskoðuð ef niðurstöður atkvæðagreiðslna og kjarasamningaviðræðna gæfu tilefni til þess.

Frá síðasta fundi hefur flestum kjarasamningsviðræðum verið lokið með undirritun. Á fundinum var farið yfir hvernig þessar breytingar munu hafa áhrif á meirihluta starfsfólks mjólkuriðnaðarins og áhrif á launakostnað mjólkuriðnaðar. Skv. iðnaðarlíkani hækkar launakostnaður um 11,4% frá september 2022 til desember 2022 m.t.t. kjarasamninga og launahækkana frá 1. nóvember og hefur sú breyting mestu áhrifin á hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar, sem er alls 5,06%. Í umræðum kom fram að rekstrarumhverfi mjólkuriðnaðar búi við lítið svigrúm eftir hagræðingu undanfarinna ára og miklar kostnaðarhækkunar undanfarna mánuði, þ.m.t. vegna vaxta og ýmissa aðfanga. Þá var rætt um forsendur kjarasamninga og að þeir séu gerðir til að stuðla að meiri stöðugleika í hagkerfinu. Fram var lagt minnisblað fulltrúa BSRB um nýja kjarasamninga og forsendur verðlagsbreytinga nefndarinnar. Í ljósi áherslu kjarasamninga um að verja kaupmátt og skapa forsendur fyrir stöðugleika sé varhugavert að kostnaðarauka vegna þeirra sé velt út í verðlag og skoða þurfi slík fordæmi vandlega.

Að loknum umræðum var lögð fram tillaga um að ákvörðun um hækkun lágmarksverðs til bænda standi óbreytt og taki gildi frá 1. desember. Tillagan var samþykkt. Fulltrúar BSRB og ASÍ sátu hjá. Þá var lagt til að almennt heildsöluverð verði hækkað um 3,5% til samræmis við ofangreindar forsendur iðnaðarlíkans. Tillagan var samþykkt.

Bókun: Fulltrúi ASÍ hefur skilning á forsendum sem liggja að baki hækkunarinnar en telur ekki forvaranlegt að kjarasamningsbundnum launahækkunum sé velt beint út í verðlag, enda sé ein meginforsenda kjarasamninganna að skapa meiri stöðugleika í hagkerfinu með lækkandi verðbólgu og lækkun vaxta.

Bókun: Fulltrúi BSRB greiðir atkvæði á móti þessari tillögu enda verði verðbólgu viðhaldið ef kjarasamningsbundnum hækkunum er velt út í verðlag án þess að fara vandlega yfir hvort þörf sé á því og hvort svigrúm sé til að mæta þeim með öðrum hætti.

Lágmarksverð til bænda hækkar um 2,38% frá 1. desember 2022 og heildsöluverð mjólkurvara hækkar um 3,5% þann 1. janúar 2023.

### 2. Önnur mál

Lagt fram til kynningar erindi BÍ um að verðlagsnefnd meti framleiðslukostnað sauðfjárafurða. Erindið verður tekið til afgreiðslu á næsta fundi.

Bókun: Fulltrúar BÍ leggja til og vilja að verðlagsnefnd fari í þessa vinnu.

Næsti fundur verðlagsnefndar verður boðaður síðar.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15:15.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson